

329. fundur Skólanefndar FS

19. nóvember 2014



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Sigurður Smári Hansson og María Líndal og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staða og horfur.
2. Önnur mál.

1. Staða og horfur.

Skólameistari sagði frá stöðu mála í rekstri skólans og svaraði spurningum nefndarmanna. Verið er að vinna að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Kennarar greiða atkvæði um nýtt vinnumat í byrjun næsta árs og þá kemur endanlega í ljós hvernig launakostnaður þróast. Líklegt er að eitthvað svigrúm verði í fjármálum skólans og verður það nýtt til að endurnýja búnað. Nemendum fer fækkandi enda eru árgangar fámennari en undanfarin ár. Útlit er fyrir að nemendur á vorönn verði um 900. Skólameistari sagði einnig frá vinnu við nýja námskrá sem tekur gildi haustið 2015.


2. Önnur mál.

- a) Isavia gaf skólanum ljósavél og starfsbraut sex iPad-tæki að gjöf og kvenfélagið í Vogum ætlar að bæta einum iPad við.
- b) Sigurður Smári sagði frá starfsemi nemendafélagsins en félagið setur m.a. upp söngleik sem verður frumsýndur í mars.

Handwritten signatures and initials: E.Kr., 187, PB, SSH, Góla, KAS.

c) María ræddi um nýnemaball og eftirlit með áfengisneyslu í tengslum við það. Skólameistari sagði standa til að herða það eftirlit. Einnig rætt um hlutverk foreldra og aðkomu foreldrafélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður



Böðvar Jónsson



Guðbjörg Kristmundsdóttir



Pétur Brynjásson



Sigurður Smári Hansson



María Línal



Kristján Ásmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundaritari